Markaðspunktar í dag:

- Auðlindalöggjöf í Suður-Afríkskri námuvinnslu og íslenskum sjávarútvegi


Auðlindalöggjöf í Suður-Afríkskri námuvinnslu og íslenskum sjávarútvegi

Í vikunni sem leið bárust fréttir um hugmyndir Suður-Afríkumanna að leggja auðlindaskatta á námufyrirtækin þar í landi, en námuiðnaður í Suður-Afríku er ein helsta stoð hagkerfsins, líkt og sjávarútvegurinn hér á Íslandi. Þrátt fyrir að hagkerfi Suður-Afríku sé að mörgu leyti ólíkt því íslenska þá eigum við ýmislegt sameiginlegt með Suður-Afríkubúum. Viðskiptahalli hefur verið langvarandi vandamál þarlendis sem og mikil verðbólga. Þá var talsverð ásókn í gjaldmiðil þeirra, randið, á árunum fyrir hrun þar sem randið var hávaxtamynt líkt og íslenska krónan. Suður-Afríka er ennfremur rík af auðlindum og skipa auðlindaatvinnugreinar stóran sess í hagkerfi landsins, líkt og hér á landi.

Áhugavert er að bera saman þróunina í námaiðnaðinum í Suður-Afríku og í einni helstu auðlindagrein Íslands, sjávarútvegi, sérlega í ljósi þess að hugmyndir um breytt skipulag innan þessara atvinnugreina eru óvenju líkar. Mikil umræða hefur verið þar syðra hvernig nýta megi auðlindir landsins til að styðja við atvinnu í landinu í kjölfar alþjóðlegu fjármálakreppunnar sem lék flest hagkerfi illa. Þá hefur verið gerð krafa um að nýta eigi námuiðnaðinn til að styðja við þá íbúa sem fóru illa út úr aðskilnaðarstefnunni (e. apartheid) en núverandi ríkisstjórn í Suður-Afríku hefur starfað samkvæmt svokölluðu „Black Economic Empowerment" (BEE). Þar er lögð áhersla á að styðja sérstaklega við svarta íbúa landsins sem stóðu ekki jafnir þeim hvítu hvað varðar störf og stjórnun innan fyrirtækja í Suður-Afríku á árabilinu 1948-1994.


Námuvinnsla og sjávarútvegur


Námuvinnsla er ein stærsta atvinnugrein Suður-Afríku en vinnslan skilar tæplega 10% til vergrar landsframleiðslu (VLF) þarlendis. Til samanburðar er þáttur sjávarútvegs í VLF hérlendis tæp 11%.



Heimild: Hagstofa Íslands og Statistics South Africa

Talið er að rúmlega 3% af mannfjöldanum á aldrinum 15-64 ára starfi við námuvinnslu eða í geirum tengdum námunum í Suður-Afríku en hér á Íslandi er hlutfall starfandi í sjávarútvegi af sama hópi rúm 6% (ef tekið er tillit til óbeinna starfa). Þá eru báðar greinar fjármagnsfrekar en fjárfestingarþörf þeirra er jafnan talin helsta ástæða þess að erfitt er fyrir nýliða að koma inn í greinarnar og eru aðgangshindranirnar því talsverðar. Þ.a.l. eru hagnaðarhlutföll gjarnan hærri í auðlindagreinum en öðrum atvinnugreinum þar sem stofnkostnaður er mikill en möguleiki er á talsverðum hagnaði ef starfsumhverfið er auðlindagreinunum hagstætt. Árið 2009 var hagnaðarhlutfall námuvinnslufyrirtækja í Suður-Afríku t.a.m. tæp 20%, en námuiðnaðurinn hefur notið góðs af miklum hrávöruhækkunum allt frá árinu 2004. Á sama tíma var hlutfallið um 22% í íslenskum sjávarútvegi en afurðaverð í sjávarútvegi hefur hækkað talsvert á síðastliðnum árum..





Heimild: Hagstofa Íslands og Statistics South Africa

Afurðir úr námuvinnslu er langstærsti hluti útflutnings í Suður-Afríku en hlutfallið er rúmlega 50% af útfluttum varningi ef einnig er tekið mið af afleiddum námuvarningi. Hér á Íslandi eru útfluttar sjávarafurðir um 40% af heildarvöruútflutningsverðmæti. Frekari upplýsingar um auðlindaatvinnugreinarnar má finna í töflu hér fyrir neðan.

Auðlindaatvinnugreinar í Suður-Afríku og á Íslandi - Fleiri lykiltölur					
	Útflutningur		Fjárfesting		Framlag til ríkissjóðs
S-Afríka	50%	af heildarútflutningi	10% 18%	beint óbeint	10-20% af beinum fyrirtækjaskattsgreiðslum
Ísland	25% 40%	af vöru- og þjónustuútflutningi af vöruútflutningi	3,3%	farið mikið lækkandi, var tæp 10% árið 1980	Rúm 4% af greiddum tekjuskatti lögaðila, varð mest rúm 13% árið 2003. Greiða veiðigjald.

Breytingar á námuréttindum – það sem skal koma í sjávarútvegi?[1]

Á tíunda áratugnum voru u.þ.b. 2/3 af „námuréttindum" í eigu einkaaðila en ráðist var í breytingar á kerfinu upp úr aldamótunum. Stjórnvöld enduskrifuðu auðlindalöggjöfina í þeim tilgangi að tryggja réttlátari dreifingu námuvinnsluréttinda sem og að styrkja stöðu svartra Suður-Afríkabúa innan atvinnugreinarinnar. Breytt löggjöf fól í sér að réttindi féllu í hendur ríkisins en fyrirtæki gátu sótt um að fá úthlutað nýju réttindunum til 30 ára. Þá er mögulegt að framlengja réttindin einu sinni, á ný til 30 ára og eru réttindin framseljanleg, að gefnu leyfi auðlindaráðherra (e. Minister of Minerals and Energy). Hugmyndir hafa verið á lofti um að þjóðnýta atvinnugreinina að fullu í Suður-Afríku en nýjar tillögur benda til þess að slíkt væri ekki æskilegt og myndi hafa gríðarlegan kostnað í för með sér fyrir ríkið. Þess í stað hefur verið stungið upp á því að **leggja 50% auðlindaskatt á hagnað af framsali**

[1] http://www.saimm.co.za/Journal/v104n01p053.pdf
http://www.info.gov.za/
http://www.mpmagazine.com/xq/asp/articleid.36EF4388-930F-47C4-9E1B-4887EEA291A9/qx/display.htm
http://www.bloomberg.com/news/2012-02-02/anc-study-said-to-propose-s-african-mine-resource-rent-tax-1-.html
http://www.services.gov.za/
http://www.southafrica.info/

réttinda.

Hugmyndir íslenskra stjórnvalda um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu eru í raun ekki svo ólíkar þeim breytingum sem nú þegar hafa átt sér stað í Suður-Afríku og þeim hugmyndum sem eru nú í umræðunni þar syðra. Stungið hefur verið upp á að sjávarútvegsfyrirtæki sæki um svokallaða nýtingarsamninga og rætt hefur verið um breytingar á framsali aflaheimilda. Hins vegar er tími samnings sem um ræðir talsvert styttri en þau réttindi sem námufyrirtæki í Suður-Afríku geta sótt um, en um er að ræða 15 ára samning með möguleika á 8 ára framlengingu, samtals 23 ár (á móti 30+30=60 árum í Suður-Afríku). Auk þess var framsalið ekki bannað í Suður-Afríku, líkt og íslensk stjórnvöld hafa lagt til. Á móti hafa Suður-Afríkubúar íhugað að leggja á 50% skatt á framsalshagnað, til að koma í veg fyrir „spákaupmennsku" og halda aftur af gríðarlegum verðhækkunum slíkra heimilda.

Löggjöfin var innleidd í Suður-Afríka árið 2004, en í kjölfarið dró talsvert úr fjármunamyndun í námuiðnaðinum milli 2004 og 2005 vegna þeirrar óvissu sem umlauk nýju löggjöfina. Svipað er uppi á teningnum hér á landi, en fjárfesting í sjávarútvegi hefur hrunið síðustu ár. Fjármunamyndun hefur hins vegar tekið við sér á ný innan námuiðnaðarins í Suður-Afríku og óx að meðaltali um 24% árabilinu 2005-2008. Þó þarf að hafa í huga að löggjöfin var innleidd samhliða löngu uppsveiflutímabili á hrávörumarkaði og því hefur sú þróun stutt við fjárfestingu í atvinnugreininni.

Minnihlutahópar í Suður-Afríku[2]...
Löggjöfin í Suður-Afríku hefur þó verið harðlega gagnrýnd af ýmsum aðilum sem telja hana óljósa á köflum sem hafi í kjölfarið leitt af sér spillingu þegar kemur að útdeilingu réttinda. Auðlindaráðherra hefur ennfremur viðurkennt að gagnrýni vegna spillingar og vanhæfni í ráðagerð ýmissa mála eigi rétt á sér. Þá féll Suður-Afríka úr 27. sæti (af 47 löndum) árið 2002/2003 í 67. sæti (af 79) árið 2010/2011 á lista *Fraser Institute* yfir fjárfestingaráhuga fyrirtækja í námuvinnslu. Auk þess hefur verið bent á að hlutfallslega hafi námugeirinn ekki vaxið mikið frá innleiðingu löggjafarinnar ef vöxturinn er borinn saman við þann gríðarlega uppgang sem var á hrávörumörkuðum á síðasta áratug. Þá hríðféllu viðskipti með námuvarning frá Suður-Afríku milli áranna 2001 og 2010, úr 13 milljörðum USD í 3 millljarða USD 2010 eða um tæp 80%.

En hver er orsök þessara þróunar? Óvissa tengd túlkun reglugerða og auðlindalaganna hefur að margra mati orðið til þess að spilling hefur stóraukist við úthlutun réttinda. Kvartað hefur verið undan því að ákvarðantaka í þessum málefnum hafi verið tilfallandi og háð áliti ráðherra. Í lögunum er einnig að finna ákvæði þess eðlis að fyrirtæki sem leggja áherslu á að styðja „BEE" verkefnið, þ.e. meiri íhlutun svartra Suður-Afríkubúa í fyrirtækjunum, hafi forgang í umsóknum um leyfi. Þessi ákvæði hafa hins vegar verið túlkuð á misjafna vegu og verið rót margra deilumála í umsóknum um námuréttindi. Það virðist sem ákvæðin hafi í raun ekki tryggt frekara jafnrétti hins almenna svarta Suður-Afríkubúa, heldur fremur hyglt fáum og tengdum aðilum innan samfélagsins. Niðurstaðan er því sú að meirihluti þeirra verst settu (e. disadvantaged) Suður-Afríkubúa sem áttu að njóta góðs af breyttri skipan mála hafa orðið undir í „jafnræðisbaráttunni" um námurnar. Lagst hefur verið í vinnu þar syðra til að bæta reglugerðarumhverfið og draga úr ógagnsæi við veitingu réttinda.

...og íslenskir byggðapottar
Í umræðunni um breytingar á íslenska kvótakerfinu hefur reynsla sjávarútvegsins af svokölluðum pottum verið margrædd. Þar hefur t.a.m. verið bent á þá óvissu sem fylgir byggðakvótanum þar sem slíkum kvóta er eingöngu úthlutað til eins árs í senn og því mikil óvissa sem fylgir aflaheimildunum. Sumir telja umsóknarferlið fyrir byggðakvótann ennfremur þungt í vöfum og hafa aðrir áhyggjur af því að stækkun byggðapotta geti haft í för með sér ógagnsæja úthlutun afla eftir sveitarfélögum og innan þeirra. Þá hefur verið deilt um að sjávarútvegsráðherra geti áskilið sér þann rétt að breyta fyrirkomulagi veiðanna á samningstímanum en slíkt skapi óviðunandi óvissu í rekstrarumhverfi sjávarútvegsfyrirtækja.

Eins og stendur hefur fiskveiðistjórnunarmálið verið sett á ís á meðan ríkisstjórnin semur nýtt frumvarp til fiskveiða. Ýmis álitamál komu upp síðastliðið haust þegar hið svokallaða „stóra frumvarp" var rætt. Erfitt getur reynst að sjá fyrir hver áhrifin verða af breyttri og/eða nýrri löggjöf en það er e.t.v. þess virði að skoða hver reynsla annarra landa hefur verið af svipuðum málum og jafnvel læra af mistökum þeirra. Íslensk sjávarútvegsmál eru kannski ekki svo ólík Suður-Afrískum námuvandamálum.

[2] Sjá Peter Leon: „The South African mining industry – is a crisis imminent?"
http://www.mineafrica.com/documents/Webber%20Wentzel5.pdf

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Davíð Stefánsson	david.stefansson@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Þorbjörn Atli Sveinsson

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið greiningardeild@arionbanki.is